

**604. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 20. desember 2022
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 604 lögmætan.

Oddviti óskaði eftir heimild til afbrigða við dagskrá þannig að fundargerð 37. fundar atvinnu- og hafnarnefndar með málsnúmer 2212003F verði tekið til afgreiðslu á fundinum. Var það samþykkt samhljóða

Dagskrá:

1. Byggðakvóti á fiskveiðiárinu 2022 - 2023 - 2212672

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 12.12.2022 þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2022/2023 samkvæmt reglugerð nr. 1018/2022. Sveitarfélögum er gefinn frestur til 13.01.2023 til að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur, sem síðan verða birtar verða á heimasíðu ráðuneytisins áður en þær vera teknar til efnislegrar meðferðar. Komi ekki fram óskir um sérreglur mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að byggðakvóti viðkomandi byggðalags verði auglýstur til umsóknar eins fljótt og auðið er. Jafnframt kemur fram í erindi ráðuneytisins að 5,8% af heildarúthlutun byggðakvóta komi til Tálknafjarðar í þetta skiptið eða 285 þorksigildistonn.

Málinu frestað til næsta reglubundna fundar sveitarstjórnar sem fer fram 10.01.2023 í ljósi vanhæfi fjögurra aðalfulltrúa í sveitarstjórn til að fjalla um málið.

2. Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar - 2212694

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 16.12.2022 varðandi samkomulag sveitarfélaga og ríkis vegna breytinga á útsvarsálagningu vegna fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk.

Þar kemur fram að náðst hafi samkomulag milli ríkis og sambandsins um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í samkomulaginu kemur fram að hámarksútsvar sveitarfélaga, sem ákveðið er í 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sem er nú 14,52%, skal hækkað um 0,22% samhliða lækkun á tekjuskatts um samsvarandi hlutfall í báðum skattþrepum.

Gert er ráð fyrir að hækkun hámarksútsvars skv. 2. mgr. renni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Hlutfall útsvarstekna vegna málefna fatlaðs fólks sem fer í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. 2. tölul. c-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga er nú 0,99% og skal hlutfallið því hækka um 0,22% stig samhliða hækkun hámarksútsvars í 1,21%.

Breytingar á hámarksútsvari sveitarfélaga taka gildi fyrir árið 2023 og sveitarfélögum verður heimilað að ákvarða útsvar vegna ársins 2023 eigi síðar en 30. desember 2022 og tilkynna það fjármálaráðuneytinu eigi síðar en þann dag, sbr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Aðilar eru sammála um að hækkun útsvarstekna sveitarfélaga samkvæmt samkomulagi þessu, verði hluti af framlögum Jöfnunarsjóðs sem veitt eru til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólki á grundvelli þeirra laga og reglna sem gilda um framlög sjóðsins til málaflokksins, sbr. m.a. 2. mgr. 13. gr. a. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum að útsvarshlutfall hjá Tálknafjarðarhreppi fyrir árið 2023 verði 14,74% í samræmi við ofangreint.
GJ situr hjá við afgreiðslu málsins.*

3. Gjaldskrár 2023 - 2212665

Gjaldskrár fyrir árið 2023 teknar til afgreiðslu.

Mál frá 603. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 13.12.2022.

Eftir umræður gerði sveitarstjóri tillögu að fundarhléi sem var samþykkt.

Eftir fundarhlé var umræðum haldið áfram.

JIJ lagði fram breyngartillögu vegna sorpeyðingar- og sorphirðugjalda sem hljóðar svo:

"Lagt er til að miðað verði við að gjöld vegna sorpeyðingar- og sorphirðu fyrir árið 2023 hækki um 20% frá gjaldskrá ársins 2022 og verði sem hér segir:

*Sorphirðugjöld kr. 46.379,-

*Sorpeyðingargjöld fyrir íbúðarhús kr. 45.055,-

*Sorpeyðingargjöld fyrir sumarhús kr. 32.743,-

Ljóst er að ýmislegt þarf að taka til skoðunar varðandi framkvæmd í þeim sorpsamningi sem nú er í gildi og jafnframt taka lagabreytingar gildi nú við áramót sem munu hafa töluverð áhrif á málaflokkinn. Óvíst er hvaða áhrif þessar breytingar munu hafa á kostnað við sorphirðu og því er rétt að fara varlega í hækkanir gjalda á almenning."

Breyngartillaga JIJ vegna sorpeyðingar- og sorphirðugjalda var borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga að gjaldskrá vegna sorpgjalda var borin upp með áorðnum breytingum og samþykkt samhljóða.

Tillaga að fasteignagjöldum með áorðnum breytingum á sorpgjöldum var borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga að gjaldskrá Tálknafjarðarskóla var borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga að gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðarskóla var borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga að gjaldskrá félagsþjónustu var borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga að gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps var borin upp og samþykkt samhljóða.

*Við afgreiðslu gjaldskráa gerir sveitarstjórn sameiginlega eftirfarandi bókun:
Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps óskar eftir viðræðum við bæjarstjórn Vesturbyggðar um endurskoðun á framkvæmd sorpsamnings með það að markmiði að lækka kostnað við sorphirðu- og sorpeyðingu sveitarfélaganna.*

4. Atvinnu- og hafnarnefnd - 37 - 2212003F

Fundargerð 47. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 20.12.2022.

Fundargerðin er staðfest.

4.1 2212665 - Gjaldskrá Hafnarsjóðs Tálknafjarðarhrepps 2023

5. Barnaverndarþjónusta, undanþágubeiðni frá lágmarksíbúafjölda - 2212691

Beiðni frá Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi dags. 15.12.2022 um undanþágu frá lágmarksíbúafjölda að baki barnaverndarþjónustu, skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga.

Lagt fram.

6. Umdæmisráð barnaverndar - 2208091

Mál frá 603. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 13.12.2022.

Uppfærður samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar Landsbyggða lagður fram til staðfestingar.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps staðfestir samhljóða uppfærðan samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar Landsbyggða og felur sveitarstjóra að rita undir hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

7. Til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 1162006 (orkuskipti), 537. mál. - 2212692

Erindi frá Atvinnuveganefnd Alþingis dags. 16.12.2022 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (orkuskipti), 537. mál.

Lagt fram.

8. Fundargerðir 2020-2022 Velferðarráð - 2006296

Fundargerðir Velferðarráðs nr. 40 sem fór fram 03.05.2022 og nr. 43 sem fór fram 08.12.2022.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:55.

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)